

# Skagabyggð

Ársreikningur 2023

# Efnisyfirlit

---

	<b>Bls.</b>
Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	<b>3</b>
Áritun óháðs endurskoðanda .....	<b>4 - 5</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>6</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>7 - 8</b>
Sjóðstreymi .....	<b>9</b>
Skýringar .....	<b>10 - 17</b>
<b>Sundurliðanir</b>	
Rekstraryfirlit .....	<b>18</b>
Efnahagsyfirlit .....	<b>19 - 20</b>

Skagabyggð  
Kennitala 540602-2630  
Kambakoti, 541 Blönduós

# Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

---

Ársreikningur Skagabyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2023 námu kr. 142,4 millj. en voru kr. 117,6 millj. árið 2022 og hafa hækkað um 21,0% á milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um kr. 2,1 millj. í samanburði við kr. 6,8 millj. neikvæða afkomu árið 2022.

Hagnaður varð af rekstri A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð kr. 1,2 millj. samanborið við kr. 11,7 millj. tap skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðu sveitarfélagsins var kr. 11,4 millj. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 150 millj. og eigið fé var um kr. 102 millj.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Skagabyggðar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 6. júní 2024 og undirritað rafrænt

## Sveitarstjórn

Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson

Magnús Jóhann Björnsson

Vignir Ásmundur Sveinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Skagabyggðar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Skagabyggðar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Óhæði

Við erum óháð Skagabyggð í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru sveitarstjórn og sveitarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Skagabyggðar. Ef við á skulu sveitarstjórn og sveitarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

## Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi félagsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Enor ehf

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri

Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur	Áætlun 2023	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2023	Ársreikningur
	2023	með viðaukum	2022	2023	með viðaukum	2022
<b>Rekstrartekjur</b>	3					
Skatttekjur .....	57.427	51.877	49.475	57.427	51.877	49.475
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	58.937	52.534	57.003	58.937	52.534	57.003
Aðrar tekjur .....	23.316	8.519	8.530	25.990	10.819	11.166
	<u>139.681</u>	<u>112.930</u>	<u>115.008</u>	<u>142.355</u>	<u>115.230</u>	<u>117.644</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	4	15.831	13.024	15.831	13.024	11.696
Annar rekstrarkostnaður .....		122.683	111.590	122.724	111.590	106.865
Afskriftir .....	7	2.742	520	6.880	4.658	5.451
		<u>141.256</u>	<u>125.134</u>	<u>145.434</u>	<u>129.272</u>	<u>124.013</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda</b>		(1.575)	(12.204)	(3.080)	(14.042)	(6.369)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	399	1.017	932	440	(477)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>(1.176)</u>	<u>(11.187)</u>	<u>(2.147)</u>	<u>(13.602)</u>	<u>(6.845)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7				
Fasteignir og lóðir .....		31.302	32.388	31.302	32.388
Veitu- og gatnakerfi .....		14.551	0	37.097	26.684
Vélar, áhöld og tæki .....		4.529	5.006	4.529	5.006
		<u>50.382</u>	<u>37.393</u>	<u>72.928</u>	<u>64.077</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	9.048	9.048	4.048	4.048
<b>Fastafjármunir samtals</b>		59.430	46.441	76.976	68.125
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur .....	9	13.754	15.237	13.754	15.237
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		40.337	37.334	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		3.953	2.862	6.564	2.877
Handbært fé .....		34.242	19.098	52.228	37.052
		<u>92.286</u>	<u>74.531</u>	<u>72.546</u>	<u>55.166</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>151.716</u>	<u>120.973</u>	<u>149.522</u>	<u>123.291</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	10	107.655	108.831	101.759	103.906
<b>Skuldir</b>					
Langtímaskuldir:					
Skuldir í íslenskum krónum .....	11	18.986	0	18.986	3.328
Skammtímaskuldir:					
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	11	1.356	0	4.951	3.328
Aðrar skammtímaskuldir .....		23.718	12.141	23.825	12.728
		<u>25.075</u>	<u>12.141</u>	<u>28.776</u>	<u>16.056</u>
<b>Skuldir samtals</b>		44.061	12.141	47.763	19.385
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>151.716</u>	<u>120.973</u>	<u>149.522</u>	<u>123.291</u>
<b>Ábyrgðarskuldbindingar</b>	12				
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13 - 16				



## Sjóðstreymi ársins 2023

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):						
Rekstrarniðurstaða .....	(1.176)	(11.187)	(4.276)	(2.147)	(13.602)	(6.845)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	7 2.742	520	1.313	6.880	4.658	5.451
Verðbætur langtímalána .....	343	0	0	609	482	647
	<u>1.909</u>	<u>(10.667)</u>	<u>(2.962)</u>	<u>5.341</u>	<u>(8.462)</u>	<u>(747)</u>
Lækkun (lækkun) rekstartengdra eigna:						
Óinnheimtar tekjur .....	9 1.483	0	(388)	1.483	0	(388)
Skammtímakröfur .....	(1.092)	0	(198)	(3.687)	0	(212)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:						
Skammtímaskuldir .....	<u>11.577</u>	<u>0</u>	<u>(5.108)</u>	<u>11.098</u>	<u>0</u>	<u>(4.886)</u>
	<u>11.968</u>	<u>0</u>	<u>(5.694)</u>	<u>8.894</u>	<u>0</u>	<u>(5.486)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>13.877</b>	<b>(10.667)</b>	<b>(8.656)</b>	<b>14.235</b>	<b>(8.462)</b>	<b>(6.233)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....						
	7 (15.731)	(26.560)	0	(15.731)	(26.560)	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....	20.000	20.000	0	20.000	20.000	0
Afborganir langtímalána .....	11 0	0	0	(3.328)	(2.948)	(3.123)
Eigin fyriræki, breyting .....	<u>(3.002)</u>	<u>(1.124)</u>	<u>(18.653)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>16.998</u>	<u>18.876</u>	<u>(18.653)</u>	<u>16.672</u>	<u>17.052</u>	<u>(3.123)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>15.144</b>	<b>(18.351)</b>	<b>(27.309)</b>	<b>15.176</b>	<b>(17.970)</b>	<b>(9.356)</b>
Handbært fé í byrjun árs .....	<u>19.098</u>	<u>19.098</u>	<u>46.408</u>	<u>37.052</u>	<u>37.052</u>	<u>46.408</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b><u>34.242</u></b>	<b><u>748</u></b>	<b><u>19.098</u></b>	<b><u>52.228</u></b>	<b><u>19.082</u></b>	<b><u>37.052</u></b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Skagabyggð er sveitarfélag á Norðurlandi vestra og var fjöldi íbúa þess 86 þann 1. desember 2023. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Ytra-Hóli 1.

Ársreikningur Skagabyggðar fyrir árið 2023 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð og eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta er Fjarskiptafélag Skagabyggðar ehf.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur sveitarfélagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi.

### Skráning tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afslátta. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að sveitarfélagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

---

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Arðstekjur frá félögum eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörsdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

### Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímaskuldir sem ætluð er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til affalla eða yfirverðs sem varð til þegar til skuldanna var stofnað. Afföll og yfirverð færast í rekstrarreikning á líftíma skuldanna miðað við virka vexti. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

Lán sem reiknað er með að komi til greiðslu innan 12 mánaða eru flokkuð sem skammtímaskuldir í efnahagsreikningi.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Fjárhagsáætlunin inniheldur, ef við á, viðauka sem samþykktir hafa verið af sveitarstjórn. Gerð er grein fyrir fjárhagsáætlun og viðaukum í skýringu nr. 16.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum
Skatttekjur:				
Útsvar .....	49.107	42.902	49.107	42.902
Fasteignaskattur og lóðaleiga .....	8.320	8.975	8.320	8.975
	<u>57.427</u>	<u>51.877</u>	<u>57.427</u>	<u>51.877</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Framlag vegna útgjaldajöfnunar .....	23.486	18.926	23.486	18.926
Framlag vegna grunnskóla .....	17.660	17.239	17.660	17.239
Framlag vegna fasteignaskatts .....	8.166	6.369	8.166	6.369
Önnur framlög .....	9.625	10.000	9.625	10.000
	<u>58.937</u>	<u>52.534</u>	<u>58.937</u>	<u>52.534</u>
Aðrar tekjur .....	23.316	8.519	25.990	10.819
Rekstrartekjur samtals .....	139.681	112.930	142.355	115.230

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun .....	13.312	10.952	13.312	10.952
Launatengd gjöld .....	2.519	2.072	2.519	2.072
	<u>15.831</u>	<u>13.024</u>	<u>15.831</u>	<u>13.024</u>

Laun Oddvita og sveitarstjórnar námu kr. 7,3 millj. á árinu 2023.

Þar að auki var Oddvita greitt kr. 1,2 millj. vegna verkefnastjórnar við sameiningarmál.

## 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....	998	1.017	2.024	1.017
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(599)	0	(1.092)	(577)
Vextir af kröfum á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0
	<u>399</u>	<u>1.017</u>	<u>932</u>	<u>440</u>

## Skýringar

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

				Áætlun 2023
	Tekjur	Gjöld	Mismunur	með viðaukum
<b>Aðalsjóður</b>				
Skatttekjur .....	116.365		116.365	104.411
Félagsþjónusta .....	0	15.222	(15.222)	(14.407)
Fræðslu- og uppeldismál .....	0	73.071	(73.071)	(66.080)
Menningarmál .....	0	6.621	(6.621)	(5.760)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	0	1.829	(1.829)	(951)
Brunamál og almannavarnir .....	41	6.365	(6.324)	(7.616)
Hreinlætismál .....	6.008	8.844	(2.836)	(1.305)
Skipulags- og byggingamál .....	0	1.532	(1.532)	(1.853)
Umferðar- og samgöngumál .....	(472)	565	(1.037)	(750)
Umhverfismál .....	452	2.114	(1.662)	(2.925)
Atvinnumál .....	16.703	7.559	9.144	(4.771)
Framlög til B-hluta fyrirtækja .....		0	0	0
Sameiginlegur kostnaður .....	240	19.257	(19.017)	(13.803)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....			5.408	2.217
Millifærslur .....	0	0	0	0
Aðalsjóður samtals .....	139.336	142.980	1.764	(13.593)
<b>A hluta stofnanir</b>				
Eignasjóður .....	5.575	8.515	(2.940)	2.406
Millifærslur .....	(5.230)	(5.230)	0	0
A hluti samtals .....	139.681	146.265	(1.176)	(11.187)
<b>B hluta fyrirtæki</b>				
Fjarskiptafélag Skagabyggðar .....	2.674	3.646	(972)	(2.415)
Millifærslur A og B hluta .....	0	0	0	0
B hluti samtals .....	2.674	3.646	(972)	(2.415)
A og B hluti samtals .....	142.355	149.911	(2.147)	(13.602)

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Veitu- og			Samtals
	Fasteignir	Vélar og tæki	gatnamannvirki	
<b>A hluti</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	32.388	5.006	0	37.393
Viðbót ársins .....	0	0	15.731	15.731
Afskriftir .....	(1.086)	(477)	(1.180)	(2.742)
Bókfært verð í árslok .....	31.302	4.529	14.551	50.382
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	53.187	5.959	15.731	74.877
Afskrifað samtals .....	(21.884)	(1.430)	(1.180)	(24.494)
Bókfært verð í árslok .....	31.302	4.529	14.551	50.382
Afskriftahlutföll .....	2,5%	10%		

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir frh

	Fasteignir	Vélar og tæki	Veitu- og gatnamannvirki	Samtals
<b>A og B hluti</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	32.388	5.006	26.684	64.077
Viðbót ársins .....	0	0	15.731	15.731
Afskriftir .....	(1.086)	(477)	(5.318)	(6.880)
Bókfært verð í árslok .....	31.302	4.529	37.097	72.928
<b>Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:</b>				
Kostnaðarverð .....	53.187	5.959	70.903	130.048
Afskrifað samtals .....	(21.884)	(1.430)	(33.806)	(57.120)
Bókfært verð í árslok .....	31.302	4.529	37.097	72.928
Afskriftahlutföll .....	2,5%	10%	7,5%	

Brunabótamat og fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Krókssel land .....	1.473	3.930
Kjalarland lóð .....	407	0
Sæunnarstaðir .....	683	0
Sæunnarstaðir .....	1.410	0
Sæunnarstaðir .....	988	0
Skrapatungurétt .....	3.260	17.600
Skeggjastaðir land .....	19.240	102.400
Aðrar eignir .....	1.260	2.020
	28.721	125.950

## 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
Ámundakinn ehf .....	0,69%	1.390	1.390
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf .....	0,03%	2.658	2.658
Fjarskiptafélag Skagabyggðar ehf .....	100%	5.000	0
		9.048	4.048

## 9. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Kröfur .....	14.354	16.359	14.354	16.359
Niðurfærsla krafna .....	(600)	(1.121)	(600)	(1.121)
	13.754	15.237	13.754	15.237

Niðurfærsla krafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum kröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu krafna greinist þannig:

Staða í upphafi ársins .....	1.121	600	1.121	600
Endanleg afskrift tapaðra krafna .....	(532)	(68)	(532)	(68)
Framlag í afskriftareikning .....	11	590	11	590
	600	1.121	600	1.121

# Skýringar

## 10. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningi:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun .....	108.831	103.906
Rekstrarniðurstaða .....	(1.176)	(2.147)
Staða í árslok .....	107.655	101.759

## 11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða í ársbyrjun .....	0	6.657
Ný langtímalán .....	20.000	20.000
Afborganir á árinu .....	0	(3.328)
Verðbætur .....	343	609
Staða í árslok .....	20.343	23.937

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Skuldir í ISK, verðtryggðar, vextir 3,5% .....	20.343	23.937
--	--------	--------

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2023 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2024 .....	1.356	4.951
Árið 2025 .....	1.356	1.356
Árið 2026 .....	1.356	1.356
Árið 2027 .....	1.356	1.356
Árið 2028 .....	1.356	1.356
Síðar .....	13.562	13.562
	20.343	23.937

## 12. Ábyrgðarskuldbindingar

Sveitarfélagið Skagabyggð er aðili að eftirfarandi byggðasamlögum sem hafa fjárhagslegar skuldbindingar:

- Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga.
- Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.
- Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga.
- Norðurá bs. -byggðasamlag um sorpeyðingu.
- Samtök sveitarfélag á Norðurlandi vestra.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

## 13. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sveitarfélagsins eru sveitarstjórnarmenn, lykilstjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra ásamt tengdum félögum. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

## 14. Aðrar upplýsingar

Eftirtaldir sjóðir eru í umsjón og vörslu Skagabyggðar og greinast heildareignir og eigið fé þeirra í árslok þannig:

	Eignir	Eigið fé
Fjallskilasjóður Skagamanna .....	1.618	1.618
Fjallskilasjóður Vindhælinga .....	481	163
Kristmundargjafasjóður .....	4.955	4.929

# Skýringar

## 15. Lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur</b>				
Útsvar .....	35,2%	38,0%	34,5%	37,2%
Fasteignaskattur, lóðaleiga .....	6,0%	7,9%	5,8%	7,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	42,2%	46,5%	41,4%	45,6%
Aðrar tekjur .....	16,7%	7,5%	18,3%	9,4%
Rekstrartekjur samtals .....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld .....	11,3%	11,5%	11,1%	11,3%
Annar rekstrarkostnaður .....	87,8%	98,8%	86,2%	96,8%
Framlög til B-hluta .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Afskriftir .....	2,0%	0,5%	4,8%	4,0%
Rekstrargjöld samtals .....	101,1%	110,8%	102,2%	112,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	0,3%	0,9%	0,7%	0,4%
Rekstrarniðurstaða .....	-0,8%	-9,9%	-1,5%	-11,8%
<b>Á íbúa</b>				
Rekstur:				
Skatttekjur .....	1.330	1.193	1.330	1.193
Aðrar tekjur .....	266	97	297	124
Laun og launatengd gjöld .....	(181)	(149)	(181)	(149)
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.402)	(1.275)	(1.403)	(1.275)
Framlög til B-hluta .....	0	0	0	0
Afskriftir .....	(31)	(6)	(79)	(53)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	12	11	5
Rekstrarniðurstaða .....	(13)	(128)	(25)	(155)
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Efnahagur:				
Fastafjármunir .....	691	522	855	740
Veltufjármunir .....	1.073	837	806	600
Eignir samtals .....	1.764	1.359	1.661	1.340
Eigið fé .....	1.252	1.223	1.131	1.129
Langtímaskuldir .....	221	0	211	36
Skammtímaskuldir .....	292	136	320	175
Skuldir samtals .....	512	136	531	211
Eigið fé og skuldir samtals .....	1.764	1.359	1.661	1.340



## Skýringar

### 15. Lykiltölur (frh)

	A hluti		A og B hluti	
	2023	2022	2023	2022
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Veltufjárlutfall .....	3,68	6,14	2,52	3,44
Eiginfjárlutfall .....	71,0%	90,0%	68,1%	84,3%
Skuldahlutfall .....	31,5%	10,6%	33,6%	16,5%
Skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
<b>Íbúafjöldi</b>	<b>2023</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Í ársbyrjun .....	89	90	92	90
Breyting á árinu .....	(3)	(1)	(2)	2
Í árslok .....	86	89	90	92
Útsvarsprósenta .....	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%
<b>Fasteignaskattur:</b>				
Íbúðarhúsnæði (A - flokkur) .....	0,45%	0,45%	0,42%	0,40%
Opinberar stofnanir (B - flokkur) .....	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Verslunar og atvinnuhúsnæði (C - flokkur) .....	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%

### 16. Rekstraráætlun og viðaukar

Sveitarstjórn samþykkti ekki viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2023. Á neðangreindu yfirliti er fjárhagsáætlun ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags - áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags - áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar .....	42.902	0	42.902	42.902	0	42.902
Fasteignaskattur, lóðaleiga .....	8.975	0	8.975	8.975	0	8.975
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	52.534	0	52.534	52.534	0	52.534
Aðrar tekjur .....	8.519	0	8.519	10.819	0	10.819
Rekstrartekjur samtals .....	112.930	0	112.930	115.230	0	115.230
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun .....	13.024	0	13.024	13.024	0	13.024
Annar rekstrarkostnaður .....	111.590	0	111.590	111.590	0	111.590
Framlög til B-hluta .....	0	0	0	0	0	0
Afskriftir .....	520	0	520	4.658	0	4.658
Rekstrargjöld samtals .....	125.134	0	125.134	129.272	0	129.272
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda</b>	(12.204)	0	(12.204)	(14.042)	0	(14.042)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	1.017	0	1.017	440	0	440
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(11.187)</b>	<b>0</b>	<b>(11.187)</b>	<b>(13.602)</b>	<b>0</b>	<b>(13.602)</b>

## Rekstraryfirlit 2023

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Skatttekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Breyting lífeyrisskuld- bindingar	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármuna- tekjur og fjármagns- gjöld	Niður- staða	Fjárhags- áætlun með viðaukum
<b>Sjóðir í A hluta</b>												
00 - Skatttekjur.....	57.427	58.937		116.365							<b>116.365</b>	<b>104.411</b>
02 - Félagsþjónusta.....					1.165	14.057		15.222			<b>(15.222)</b>	<b>(14.407)</b>
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....						73.071		73.071			<b>(73.071)</b>	<b>(66.080)</b>
05 - Menningarmál.....					835	5.786		6.621			<b>(6.621)</b>	<b>(5.760)</b>
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....						1.829		1.829			<b>(1.829)</b>	<b>(951)</b>
07 - Brunamál og almannavarnir.....			41	41		6.365		6.365			<b>(6.324)</b>	<b>(7.616)</b>
08 - Hreinlætismál.....			6.008	6.008		8.844		8.844			<b>(2.836)</b>	<b>(1.305)</b>
09 - Skipulags- og byggingamál.....						1.532		1.532			<b>(1.532)</b>	<b>(1.853)</b>
10 - Umferðar- og samgöngumál.....			(472)	(472)		565		565			<b>(1.037)</b>	<b>(750)</b>
11 - Umhverfismál.....			452	452		2.114		2.114			<b>(1.662)</b>	<b>(2.925)</b>
13 - Atvinnumál.....			16.703	16.703	213	7.346		7.559			<b>9.144</b>	<b>(4.771)</b>
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....												
21 - Sameiginlegur kostnaður.....			240	240	13.618	5.639		19.257			<b>(19.017)</b>	<b>(13.803)</b>
28 - Fjármagnsliðir.....									5.408		<b>5.408</b>	<b>2.217</b>
Millifærslur.....												
<b>Aðalsjóður</b>	57.427	58.937	22.971	139.336	15.831	127.149		142.980	5.408		<b>1.764</b>	<b>(13.593)</b>
Eignasjóður.....			5.575	5.575		764	2.742	3.506	(5.009)		<b>(2.940)</b>	<b>2.406</b>
Millifærslur.....			(5.230)	(5.230)		(5.230)		(5.230)				
<b>Samstæðureikningur A - hluta</b>	57.427	58.937	23.316	139.681	15.831	122.683	2.742	141.256	399		<b>(1.176)</b>	<b>(11.187)</b>
<b>Sjóðir í B - hluta</b>												
Fjarskiptafélag Skagabyggðar ehf.....			2.674	2.674		40	4.138	4.178	533		<b>(972)</b>	<b>(2.415)</b>
Millifærslur A og B hluta.....												
<b>Samstæðureikningur</b>	57.427	58.937	25.990	142.355	15.831	122.724	6.880	145.434	932		<b>(2.147)</b>	<b>(13.602)</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12 2023

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Aðal - sjóður	Eigna - sjóður	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur A-hluta	Fjarskiptafélag Skagabyggðar	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur
<b>Eignir</b>							
<b>Fastafjármunir:</b>							
Varanlegir rekstrarfjármunir:							
Fasteignir og lóðir.....		31.302		<b>31.302</b>			<b>31.302</b>
Veitu- og gatnakerfi.....		14.551		<b>14.551</b>	22.546		<b>37.097</b>
Gatnakerfi.....							
Hafnarmannvirki.....							
Vélar, áhöld og tæki.....		4.529		<b>4.529</b>			<b>4.529</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir		50.382		<b>50.382</b>	22.546		<b>72.928</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:							
Eignahlutir í félögum.....	9.048			<b>9.048</b>		(5.000)	<b>4.048</b>
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - A.....	34.336		(34.336)				
	43.384		(34.336)	<b>9.048</b>		(5.000)	<b>4.048</b>
<b>Fastafjármunir</b>	<b>43.384</b>	<b>50.382</b>	<b>(34.336)</b>	<b>59.430</b>	<b>22.546</b>	<b>(5.000)</b>	<b>76.976</b>
<b>Veltufjármunir:</b>							
Skammtímakröfur:							
Óinnheimtar tekjur.....	13.754			<b>13.754</b>			<b>13.754</b>
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - A.....	4.800		(4.800)				
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B.....	40.337			<b>40.337</b>		(40.337)	
Aðrar skammtímakröfur.....	3.953			<b>3.953</b>	2.610		<b>6.564</b>
Næsta árs afb langtímakrafna - A.....	1.446		(1.446)				
Handbært fé.....	34.242			<b>34.242</b>	17.986		<b>52.228</b>
<b>Veltufjármunir</b>	<b>98.532</b>		<b>(6.246)</b>	<b>92.286</b>	<b>20.596</b>	<b>(40.337)</b>	<b>72.546</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>141.916</b>	<b>50.382</b>	<b>(40.582)</b>	<b>151.716</b>	<b>43.142</b>	<b>(45.337)</b>	<b>149.522</b>

## Efnahagsyfirlit 31.12 2023

(Allar fjárhæðir eru í þús.)

	Aðal - sjóður	Eigna - sjóður	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur A-hluta	Fjarskiptafélag Skagabyggðar	Milli- færslur	Samstæðu- reikningur
<b>Eigið fé og skuldir</b>							
<b>Eiginfjárreikningar:</b>							
Eigið fé.....	118.437	(10.782)		<b>107.655</b>	(897)	(5.000)	<b>101.759</b>
<b>Skuldir</b>							
<b>Langtímaskuldir:</b>							
Skuldir við lánastofnanir.....		18.986		<b>18.986</b>			<b>18.986</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - A.....		34.336	(34.336)				
		53.322	(34.336)	<b>18.986</b>			<b>18.986</b>
<b>Skammtímaskuldir:</b>							
Viðskiptaskuldir.....							
Skuldir við eigin fyrirtæki - A.....		4.800	(4.800)		40.337	(40.337)	
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		1.356		<b>1.356</b>	3.595		<b>4.951</b>
Næsta árs afborganir langtímaskulda - A.....		1.446	(1.446)				
Aðrar skammtímaskuldir.....	23.479	239		<b>23.718</b>	107		<b>23.825</b>
	23.479	7.842	(6.246)	<b>25.075</b>	44.038	(40.337)	<b>28.776</b>
Skuldir og skuldbindingar samtals	23.479	61.164	(40.582)	<b>44.061</b>	44.038	(40.337)	<b>47.763</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>141.916</b>	<b>50.382</b>	<b>(40.582)</b>	<b>151.716</b>	<b>43.142</b>	<b>(45.337)</b>	<b>149.522</b>

# Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi  
Davíð Búi Halldórsson

Sveitarstjórn  
Vignir Ásmundur Sveinsson

Sveitarstjórn  
Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir

Sveitarstjórn  
Kristján S Kristjánsson

Sveitarstjórn  
Magnús Jóhann Björnsson

Oddviti sveitarstjórnar  
Erla Jónsdóttir